

**Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs**  
**19. fundur**  
**haldinn í fundarsal Fljótsdalshéraðs, 2. júní 2008**

**Mættir:** Eiríkur Björn Björgvinsson, Björn Ármann Ólafsson, Magnhildur Björnsdóttir kom 20:30 og Þórhallur Þorsteinsson.

**Boðuð forföll:** Skúli Björn Gunnarsson, Skarphéðinn G. Þórisson

**Dagskrá:**

- 1. Reglugerð Vatnajökulspjóðgarðs**
- 2. Þjóðgarðsvörður. Kynning á nýjum þjóðgarðsverði.**
- 3. Formleg stofnun Vatnajökulspjóðgarðs 7.júní 2008.**
- 4. Önnur mál**

Eiríkur Björn stýrði fundi og setti hann kl. 20.05. Gengið var til dagskrár.

**1. Reglugerð Vatnajökulspjóðgarðs.**

Athugasemdir við reglugerðardrögin hafa borist frá Skaust, Náttúrustofu Austurlands, Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs, Umhverfis- og náttúruverndarnefnd, Bæjarráði Fljótsdalshéraðs, Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps, Markaðsstofu Austurlands og Framkvæmdastjóra Vatnajökulspjóðgarðs.

Kort kom frá Þórhalli Þorsteinssyni, Magnúsi Tuma og Magnúsi Hallgrímssyni vegna aksturs að skála Jökklafélagsins í Kverkfjöllum.

Þórhallur gerði athugasemd um mörk framkvæmdasvæða í og við þjóðgarðinn. Einnig gerir hann athugasemd við notkun sexhjóra í þjóðgarðinum skv. 28. grein, telur að enginn akstur utanvega í þjóðgarðinum skuli heimilaður.

Reglugerðin verði samþykkt með athugasemdum bæjarráðs Fljótsdalshérað um endurskoðun og öðrum breytingum frá Bæjarráði Fljótsdalshéraðs og Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps.

**2. Þjóðgarðsvörður. Kynning á nýjum þjóðgarðsverði**

Þessi liður var feldur niður þar sem ekki var búið að ganga frá ráðningunni endanlega.

**3. Formleg stofnun Vatnajökulspjóðgarðs 7.júní 2008**

Boðskort hafa verið send út. Dagskráin hefst kl 15:00 á Skriðuklaustri. Magnús Jóhannesson verðu viðstaddur á Skriðuklaustri.

**4. Önnur mál**

**a) Verndaráætlun.** Formanni veitt umboð til að semja við Náttúrustofu Austurlands um gerð tillögu að verndaráætlun fyrir Austursvæði. Samþykkt samhljóða.

**b) Landverðir.** Þórhallur ræddi störf landvarða í sumar og hreindýraveiði innan þjóðgarðsins. Telur að gera þurfi kort af aksturleiðum sem heimilt er að nota.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 21.15.

Björn Ármann Ólafsson  
ritaði fundargerð

Eiríkur Björn Björgvinsson

Þórhallur Þorsteinsson

Magnhildur Björnsdóttir